



## Alþýðusamband Íslands

### Til landssambanda og aðildarféлага innan ASÍ

Reykjavík, 28. september 2010.

### Efni: Ársfundur ASÍ 21. og 22. október 2010

Ársfundur Alþýðusambands Íslands verður haldinn dagana 21. og 22. október nk. á Hótel Hilton Nordica, Reykjavík. Yfirskrift fundarins verður:



#### Málafni fyrir ársfundinn skv. ákvörðun miðstjórnar ASÍ

Á fundi miðstjórnar ASÍ 22. september sl. var fjallað um málafni fyrir ársfund ASÍ 2010 og var ákveðið að auk umfjöllunar um lagabreytingar verði fjallað um eftirtalin málafni á fundinum auk þess sem þrjár málafnanefndir verða starfandi, um:

- Efnahags- og kjaramál
- Atvinnu- og umhverfismál
- Velferðar- og vinnumarkaðsmál

Af hálfu miðstjórnar er lögð mikil áhersla á að gefið verði gott rými fyrir almennar umræður á ársfundinum og virka þátttöku ársfundarfulltrúa, bæði á fundinum sjálfum og í nefndastarfinu. Í samræmi við þessa afstöðu hefur miðstjórn jafnframt ákveðið að undirbúa ekki eiginlegar ályktunartillögur heldur verða ályktanir og niðurstöður ársfundarins unnar í nefndastarfinu sjálfu og síðan ræddar og afgreiddar af öllum ársfundarfulltrúum. Starfinu í nefndunum verður þannig háttað að fyrri daginn verður stuðst við „miðlunaraðferðina“. Ritnefnd sem nefndirnar skipa mun síðan vinna drög að ályktunum á grundvelli þeirra tillagna sem þannig fást. Seinni daginn munu nefndirnar síðan ræða og afgreiða ályktanirnar frá sér til ársfundarins.

Þá samþykkti miðstjórn á fundi sínum 22. september sl. að leggja fram frumvarp til breytinga á lögum ASÍ. Í frumvarpinu eru gerðar tillögur um þrjár meginbreytingar.

Í fyrsta lagi er gerð tillaga um að aðild að ASÍ breytist á þann veg að aðild að landssambandi eða staða sem landsfélag verði ekki lengur skilyrði fyrir aðild að ASÍ.

Í öðru lagi er lagt til að í stað ársfunda komi æðsta stofnun ASÍ saman á þingum á tveggja ára fresti og að í tengslum við þing ASÍ komi saman sérstakt þing ungs launafólks í aðildarsamtökum ASÍ.

Í þriðja lagi er lagt til fundur formanna aðildarfélags ASÍ verði formgerður í lögum ASÍ og komi saman milli þinga.

**Til að auðvelda undirbúning og framkvæmd ársfundarins er þess hér með farið á leit við aðildarfölgin, að þau tilkynni til skrifstofu ASÍ á netfangið [sif@asi.is](mailto:sif@asi.is) í hvaða nefnd fulltrúi/fulltrúar þeirra muni starfa:**

- Efnahags- og kjaramálanefnd
- Atvinnu- og umhverfismálanefnd
- Velferðar- og vinnumarkaðsmálanefnd
- Laganefnd

**Óskað er eftir því að framagreindar upplýsingar berist sem fyrst og í síðasta lagi 15. október nk.**

#### **Málefni fyrir ársfundinn frá aðildarsamtökum ASÍ**

Ekkert mál hefur borist til ASÍ á grundvelli 2. mgr. 24. gr. laga ASÍ, en þar segir:

*Mál þau og tillögur sem einstök aðildarsamtök óska að tekin verði fyrir á fundinum, skal senda miðstjórn 1 mánuði fyrir ársfund. Skal miðstjórn leggja mál þau og tillögur fyrir fundinn, ásamt umsögn sinni.*

#### **Hádegisverður**

Eins og undanfarin ár hefur verið gert samkomulag við veitingastaðinn Vox á Nordica hótelinu um tilboð á hádegisverði ársfundardagana, 21. og 22. október nk. Boðið verður upp á glæsilegt hlaðborð báða dagana, með úrvali rétta og gosdrykkjum. Hlaðborðið verður í anddyri aðal fundarsalarins. Verðið á hlaðborðinu er kr. 2.500 á mann hvorn daginn.

Þau aðildarfölg sem vilja nýta þennan kost fyrir ársfundarfulltrúa sína eru beðin um að hafa samband við skrifstofu ASÍ, Ástu ([asta@asi.is](mailto:asta@asi.is)), í síðasta lagi fyrir lok dags mánudaginn 18. október. Alþýðusambandið mun síðan ganga frá málinu gagnvart hótelinu og rukka viðkomandi aðildarfölg.

Hér er um að ræða sama fyrirkomulag og verið hefur undanfarin ár.

#### **Kvöldskemmtun 21. október**

Efnt verður til kvöldskemmtunar á Broadway þann 21. október. Boðið verður upp á þríréttaða máltíð, skemmtiatriði og danstónlist. Verð er kr. 5.500 á manninn.

Mikilvægt er að þau aðildarfölg sem bjóða fulltrúum sínum á skemmtunina tilkynni þátttöku og fjölda á [midasala@broadway.is](mailto:midasala@broadway.is) eða í síma 533-1100 í síðasta lagi í hádeginu 21. október. Fölgin eru hins

vegar hvött til að panta sem fyrst til að auðvelda veisluhöldurum undirbúninginn.

**Flug vegna ársfundarins - ferðakostnaður**

Um flug vegna ársfundarins gilda sömu reglur og áður, þ.e. að formenn viðkomandi aðildarfélaga hafa heimild til að panta á reikning ASÍ hjá Flugfélagi Íslands flug vegna ársfundarfulltrúa viðkomandi félags.

Um greiðslu kostnaðar vegna ferða ársfundarfulltrúa fer að öðru leyti samkvæmt reglugerð ASÍ um það efni. Reglugerðin er á vef ASÍ [http://www.asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-99/156\\_read-641/](http://www.asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-99/156_read-641/)

**Gisting fyrir ársfundarfulltrúa**

Hvað varðar gistingu fyrir ársfundarfulltrúa sem koma utan af landi er mikilvægt fyrir aðildarfélögin að ganga frá þeim þætti sem fyrst ef því er ekki þegar lokið. Af hálfu Alþýðusambandsins var óskað tilboða frá nokkrum hótélum um verð á gistingu fyrir ársfundarfulltrúa fyrir þau aðildarfélög sem vilja nýta sér það. Þegar pantað er skal vísa í „tilboð vegna ársfundar ASÍ“. Rétt er að taka fram að herbergjaframboð er takmarkað og að því er mikilvægt að gagna frá málum sem fyrst.

• **Park Inn Island (áður Hótel Ísland, sími 595 7000):**

Einsmanns herbergi: Kr. 8.500 með morgunverði.

Tveggja manna herbergi: Kr. 10.000 kr. með morgunverði.

• **Nordica Hilton hótel (sími 444 5000):**

Hilton Guest Room: einsmanns: Kr. 11.450 með morgunverði.

Hilton Guest Room: tveggja manna: Kr. 13.600 með morgunverði.

**Hótel Vík (sími 588 5588):**

Einsmanns herbergi: Kr. 6.500 með morgunverði.

Tveggja manna herbergi: Kr. 7.500 með morgunverði.

Þá er rétt að benda á að oft er hægt að fá góð tilboð á hótलगistingu á vefnum. Í því sambandi má benda á slóðirnar: <http://www.gtahotels.com> og <http://www.hotels.com>.

**Kjörbréf**

Minna skal á að kjörbréf þurfa að hafa borist skrifstofu ASÍ í síðasta lagi fyrir 6. október nk.

**Frekari upplýsingar – gögn á vefnum**

Á heimsíðu ASÍ [www.asi.is](http://www.asi.is) hefur verið settur sérstakur hnappur „Ársfundur ASÍ“ þar sem hægt er að nálgast gögnin fyrir ársfundinn.

Með félagskveðjum,



Halldór Grönvold,  
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ

Hjálagt fylgja:  
Drög að dagskrá ársfundar ASÍ 2010  
Frumvarp til breytinga á lögum ASÍ